

Leiðari með leiðsögn til lukku

Leiðari Morgunblaðsins 2. mars sl. Klekkst á klerkum, er besti íslenski pistill um alþjóðamál sem ég hef séð. Styrkur leiðarans er að þar er talað heiðarlega um vond öfl. Vanþekking ásamt ranghugmyndum um alþjóðamál og stríðsögnir eru háski fyrir mannkyn. Íslendingar þurfa að stunda upplýsta samræðu. Við eigum að segja satt um ögnir, þótt við viljum ekki berjast með vopnum.

Þögn um ljót verk valdeifir illskuna. „Vökio“ hér í vestrinu þegir um illt eðli íslams og jadarsetur þá sem mótmæla grimmd þess. Vökio reynir að kæfa raddir þeirra sem vara við með því að brennimerkja hvern þann sem básúnar ótta sinn við íslam með stimplinum „öfga-hægrisvöli“.

Í þúsund ár varðist Evrópa grimmd íslams. Um 1950 urðu Sovétíó í Kremli og nokkrir sagnfræðingar í vestrinu samtaka í óhrótri um BNA og gyðinga. Þeir boðuðu að ögæfa mannkyns væri kapitalismi. Sagnfræðingarnir villtu um fyrir kynslóðum kennara og fjölmöla fólks.

Lærðu Jón Örmur Halldórsson, f. 1954 (JOH), og Magnús Þorkell Bernharðsson (MPB), f. 1963, (MPB), á þessum slóðum? Ég hef lesið bækur þeirra. Báðir fullyrða að kristnin sé full af illsku, en um Kóraninn m.a. þessi orð: „Afref Múhamedó eru ótvírátt með því mesta sem einn einstaklingur hefur skilið eftir sig í sögu veraldar... höfundar hins fegursta texta...“ (JOH, *Islam* 1993, bls. 291) JOH og MPB berja sér á brjóst í sínum ritum – að þeir skrifi það sem satt er.

JOH og síðar MPB leggast lægst þegar þeir velja markvíst að þegja um illskuverk múslima. Þeir hafa í fjóra áratugi blekkst Íslendinga um eðli íslams og rætur ófriðar múslima við gyðinga í meira en öld. Í bókum þeirra er vissulega fræðandi efni, en stöðug einbeitin þeirra við að hylma yfir illsku íslams og sú rangfærsla á sögu mannkyns að gyðingar hafi átt upphafið að ófriði í Mið-Austurlöndum á tuttugustu öld eru fullgild rök til að dæma bækur þeirra alls ónýtar til að bera vitni um sanneika – ég undanskil eitt verk JOH, bókina *Breyttur heimir*.

Bókin er stórförðug, en í henni er engu að síður óviðnandi ályktun: „... í íslamskri trú er að finna sérlega sterkar áherslur á félagslegt réttlæti.“ [JOH, *Breyttur heimir* 2015, bls. 392]

Hver man kúgun kvenna í Afganistan, Íran og um heim allan? JOH fann ekki hjá sér hvöt til að útskýra hinn illa grundvöll íslams. Í trúarritum múslima eru fyrirsmáli um að kúga konur og í áratugi hafa múslimskir karlar í UK raðnaðugáð hvítum stílkum.

Augljóst er að íslam er kokkað upp úr *Tóru* gyðinga og *Bíblu* kristinna. Hylming JOH og MPB er víðtæk. Hvergi nefna þeir að í ritum íslams eru boðorðin tíu ekki skráð. Þeir upplýsa lesendur ekki um að boðorðin eru grundvöllur jafnræðis í samfélögum gyðinga og



Tómas Ísleifsson

kristinna. Íslam er hins vegar skipulagt til að íslamskir karlar hafi alræðisvald.

Í bókum JOH og MPB er hvergi tilvitnun í *Kóraninn*, trúarrit múslima. Hvers vegna? Vilja þeir leyfa Íslendinga því að í ritinu eru ítrekuð einbeitt fyrirsmáli til múslima um að drepa gyðinga og kristna? Einnig þegja þeir um að íslam flokkar heiminn

» Leiðari Morgunblaðsins 2. mars sl., Klekkst á klerkum, er besti íslenski pistill um alþjóðamál sem ég hef séð.

í tvennt:

„Hús fríðar“, það eru þau lönd jarðar þar sem íslam hefur alræði yfir lífi fólks.

„Hús stríðs“ eru öll önnur lönd, þ.e. þau lönd sem íslam á eftir að brjóta undir sitt vald.

„Muslim Brotherhood“ vill að mannkyn liti einu kalífati. Þeir þegja um að 11. september 1683 sigruðu pólskir ríðdóttir múslima við Vín. Þess vegna er Evrópa enn kristin. Árásin á BNA 11. september 2001 var hefndarárás.

MPB dregur dár að skrifum amerískra blaðamanna um gögn sem fundust hjá einum arabíska hryðjuverkaforingjanum. Í gögnunum er m.a. fullvissað um kynlíf eftir dauðann. Á netinu eru myndbönd með heitinu „Without Lust Islam is Dust“. Í 14 aldir hafa múslimskir karlar verið hvattir til orrustu með loforðum um kynlíf. Sá sem var á lífi eftir orrustu gat nauðgað stílkum óvinarins og ef hann félli hafði hann sannfæringu fyrir meyjum í eilífðinni.

JOH og MPB þegja um að í janúar árið 1937 lýsti múftinn af Jerúsalem því yfir við sendinefnd Breta að aldrei mættu gyðingar ráða yfir eigin landskíka í Mið-Austurlöndum. Í síðari heimsstyrjöld talaði múftinn í útvarp frá Berlín og hvatti trúbræður til að drepa gyðinga.

Silfríð 2. mars sl. á vef *RÚV* er hægt að heyrna í spilaranum. Ekki merki ég að þau sem þar voru hafi lesið leiðara Morgunblaðsins þann sama dag. Þau eru þar samtaka vök – ósammála leiðaranum um að ástæða sé til að herja á alræðisstjórn íslams í Íran. Þau endurtaka: „engin yfirvofandi hætta“, „óskiljanlegt“ og „sorglegt“, en þau yfirvega ekki hættuna á kjarnorkuárás á Ísrael.

Mér fannst tal þeirra eins og við var að búast og jafnframt sorglegt. Seint í samtalinu varð kraftaverk, sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir vakti. Hún hafði orð um að klerkarinn í Íran hefðu framið illvirki – að þeir væru illmenn. Þá gerðist hið óvanta! MPB tók niður leikgrímuna og tók að vitna í takt við Ingibjörgu. Ég eygi von – að vökinu á Íslandi sé viðbjargandi.

Á eftirfarandi vefsíðu eru upplýsingar um Mið-Austurlönd: www.landskuld.is/

Höfundur er líffræðingur.

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 16. mars 2026, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. mars 2026 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 16. mars 2026, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, innviðagjaldi, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skatttrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppboð á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi, kílómetragjaldi vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða, kílómetragjaldi á ökutæki, erfðafjárskatti og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útlagsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálaþyrirtæki, fjöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámssgjald í ríkissjóð er 18.200 kr. fyrir hvert fjárnám. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, aðfenginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuáráðni þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 17. mars 2026

Ríkisskattstjóri

Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Sýslumaðurinn á Vestfirðjum

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sýslumaðurinn á Austurlandi

Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Sýslumaðurinn á Suðurnesjum

E60

Íslensk hönnun og framleiðsla frá 1960

Mikið úrval lita bæði á áklæði og grind.

Sérsmíðum allt eftir pöntunum.



Sólóhúsgögn
Íslensk framleiðsla

Stóll E60 original kr. 47.700
Retro borð 90 cm kr. 171.800
(eins og á mynd)

MÁLFAFSMOLAR

Loftgæði eru mikil eða lítil en ekki góð, slæm, holl eða óholl. Velliðan getur líka verið mismikil en ekki góð eða slæm.

Morgunblaðið